

## Æskulýðsnefnd Sleipnis

Starfið veturinn og vorið 2010.

Sett var upp metnaðarfull dagskrá fyrir æskulýðsstarf Sleipnis í ársbyrjun 2010. Meðal annars var boðið uppá reiðnámskeið, byrjendanámskeið fyrir óvana, framhaldsnámskeið fyrir lengra komna, þá var boðið uppá ef næg þátttaka fengist knapamerki 1,2 og 3. Ráðinn var reiðkennari Elsa Magnúsdóttir. Kennt var í reiðhöllinni í Votmúla. Skráningar á námskeiðin voru minni en búist var við þannig að ekki var hægt að halda knapamerkjanámskeiðin. Á námskeiðunum sem í boði voru tóku þátt 18 börn og unglingar og stóðu námskeiðin yfir í 10 vikur. Almenn ánægja var meðal þátttakenda og þökkum við Elsu reiðkennara fyrir veturinn. En ljóst er að í svona stóru félagi sem Sleipnir er hljóta að vera miklu fleiri börn sem að gætu hugsað sér að nýta svona reiðkennslu. Er það verkefni æskulýðsnefndarinnar fyrir næsta vetur að ná til sem flestra barna í félaginu og hvetja þau til að vera virkir þátttakendur.

Einnig var ákveðið í samráði við hestamannafélögin á Suðurlandi sem eru átta talsins að halda sameiginlega hátíð barna og unglinga með svipuðu sniði og Æskan og hesturinn í Reykjavík og halda það í Rangárbakkahöllinni á Gaddstaðflötum. Forsvarsmenn æskulýðsnefndanna útveguðu styrktaraðila, hönnuðu merki (logo) fyrir atburðinn og kölluðu hátíðina Hestafjör 2010 og pöntuðu treyjur fyrir alla þátttakendur. Mikil almenn ánægja og áhugi var hjá krökkunum með þetta verkefni og æfðu þau upp atriði hönnuðu búninga og völdu sér músik og voru tilbúin í slaginn. En eins og öllum er í fersku minni þá gaus Eyjafjallajökull sem hafði fyrst mikil áhrif á félögin austan Þjórsár og í kjölfar þess gaus upp hestapest sem varð að faraldri þannig að öll hestatengd starfsemi lagðist af á Suðurlandi fram á sumar.

Margt fleira var fyrirhugað í æskulýðsstarfinu, s.s. sameiginlegir reiðtúrar barna og fullorðinna, uppákomur með bæjarhátíðunum víðsvegar í Árborg og ferðalög í hestamiðstöðvar. Síðast en ekki síst lá fyrir að fara á Landsmót í Skagafirði með þá þátttakendur sem þá höfðu unnið sér rétt til þátttöku. Mikill hugur og stemming hafði myndast hjá krökkunum um veturinn en því miður varð ekkert af þessum atburðum.

Að sjálfsögðu setjum við upp á komandi vetri 2011 metnaðarfulla dagskrá fyrir börn, unglinga og ungmenntu í Sleipni og vonum að veturinn verði laus eldgos, hestapestir og aðrar hamfarir.

Ritað í Sandvíkurhreppi 23.sept 2010.

Virðingarfyllt.

Formaður æskulýðsnefndar Sleipnis

Ágúst Hafsteinsson